

VERÐBRÉFAÞING ÍSLANDS HF  
Löggilt kauphöll

Efnahags- og viðskiptanefnd  
Alþingi  
Þórshamri v/ Templarasund  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 125/1344  
komudagur 30.3.2000


Reykjavík, 29.03.2000  
Tilv. 7.2.1  
ÓAS/óas

**Efni: Umsögn VPÍ um frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti og verðbréfasjóði, 420. mál.**

Verðbréfaþing Íslands hf. hefur móttengið bréf yðar dags. 23. mars sl. þar sem þér farið þess á leit að Verðbréfaþing veiti umsögn sína um fyrirleggjandi frumvarp til breytinga á lögum um verðbréfavíðskipti og lögum verðbréfasjóði. Verðbréfaþing hefur haft mál þetta til meðferðar og styður framkomið lagafrumvarp í öllum meginatriðum. Þó vill Verðbréfaþingi koma eftirfarandi á framfæri:

- Í 9. gr. hefur misritast "bankaeftirlitið" í stað "fjármálaeftirlitið"
- Verðbréfaþing Íslands vill einnig nota þetta tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum vegna IV. kafla laganna er fjallar um meðferð trúnaðarupplýsinga. Að mati Verðbréfaþings er æskilegt bæta við 27. gr. laganna heimild til ráðherra um að setja nánari reglur um framkvæmd viðskipta fruminnherja, m.a. um takmarkanir á viðskiptum, tilkynningar viðskipta innherja og birtingu þeirra, tilgreiningu aðila sem teljast til fruminnherja og birtingu lista yfir þá. Með fruminnherja er um að ræða aðila, eins og stjórn, helstu stjórnendur og lykilstarfsmenn, endurskoðendur og ráðgjafa, svo sem lögfræðinga og starfsmenn verðbréfafyrirtækja. Viðskipti fruminnherja eru tilkynningarskyld til kauphallar samkvæmt 12. gr. reglugerðar nr. 433/1999 um upplýsingaskyldur útgefenda o.fl.

Virðingarfyllt  
Verðbréfaþing Íslands hf.

  
Ólafur Arinbjörn Sigurðsson  
Lögfræðingur